

Föstudaginn 13. júlí 1984.

Nr. 141/1980. **Eigandi og ábúendur Holts I og II og Herjólfsstaða I og II**

(Sigurður Ólason hrl.)

gegn

**eigendum og ábúendum Skálmarbæjar og**

(Páll A. Pálsson hrl.)

**eiganda og ábúanda Hrífuness**

(Gunnar Jónsson hdl.)

og

**eigandi og ábúandi Hrífuness**

gegn

**eigendum og ábúendum Skálmarbæjar og**

**eiganda og ábúendum Holts I og II og**

**Herjólfsstaða I og II**

og

**eigendur og ábúendur Skálmarbæjar**

gegn

**eiganda og ábúendum Holts I og II og**

**Herjólfsstaða I og II og**

**eiganda og ábúanda Hrífuness**

Landamerkjamálafrýjun. Frávisun að hluta. Sératkvæði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Aðaláfrýjendur, eigandi og ábúendur Holts I og II og Herjólfsstaða I og II, hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 28. ágúst 1980. Þeir krefjast þess, að staðfest verði, að landamerki milli Holts og Herjólfsstaða annars vegar og Skálmarbæjar hins vegar fari eftir bókstöfunum A-B-C og O á uppdrætti þeim, er fylgir héraðsdómi. Úr punkti O (Grænhæðarmarki) liggja merkjalínan í punkt N (Ljósuvatnalækshól) og þaðan eftir beinni línu norður í upptök Bauga-deildargils, punkt L á sama uppdrætti. Landamerki Holts og Herjólfsstaða annars vegar og Hrífuness hins vegar fari eftir dóm-

línu héraðsdóms á nefndum uppdrætti frá punkti L og vestur í Hvítanestorfu. Af hálfu aðaláfrýjenda er krafist málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjenda in solidum.

Eigandi og ábúandi Hrífunessex hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu 19. september 1980. Dómkröfur hans eru aðallega, að suðurmörk jarðarinnar Hrífunessex verði ákveðin frá Hvítanestorfu í boga suðaustur að Leirárbrú og þaðan í nokkurn veginn beinni línu að Kúðafljóti, eins og línan er mörkuð á uppdrætti með héraðsdómi. Til vara krefst hann þess, að merkjalínan teljist „eitthvað norðar austast í Hrífnuneshólmi, þ.e. fyrir austan Hólmsbrýr, þar sem bergvatnslækur rennur út í núverandi Kúðafljót, en sá lækur myndar kröfulínu Hrífunessex austast“. Til þrautavara eru dómkröfur hans þær, „að svæði það, er eigandi og ábúandi Hrífunessex hefur ræktað í Hrífnuneshólmi, svo og athafnasvæðið þar í kring, sem afmarkast af þjóðveginum vestanmegin, flugbrautinni og ræktaða svæðinu sunnan megin og síðan frá austurenda flugbrautar til norðurs að Hólmsá austan megin verði talinn beinn eignaréttur Hrífunessex“. Þá krefst þessi gagnáfrýjandi þess, að „hvernig sem málsúrslit verða, þá verði gagnstefndir dæmdir til að greiða . . . málskostnað fyrir báðum dómum in solidum . . . eins og málið væri ekki gjafsóknarmál í Hæstarétti“, en gagnáfrýjandi fékk gjafsókn með bréfi dómismálaráðuneytis 29. október 1980.

Eigendur og ábúendur Skálmarbæjar hafa áfrýjað málinu með stefnu 30. september 1980. Þeir krefjast þess, að vesturmörk Skálmarbæjarlands ákveðist af beinum línunum, sem dregnar eru á uppdrátt héraðsdóms úr Holtslæk (A) til Markholts (B), þaðan í Einiberjahól (C) og af beinni línu þaðan í Grænhæðarmark (D) og af beinni línu þaðan í Leirárfarveg suður af Hvítanestorfutá (F), að norðurmörk ákveðist af beinni línu frá F til G og síðan ráði miðlína Hólmsár að punkti H, en þaðan fylgi merkjalínan skeifumynduðum sveig á hreppamarkalínunni að punkti I, en þaðan bein lína til norðurs í Hólmsá (J) og síðan ráði miðlína Hólmsár, þar til hún fellur í Flögulón (K). Þess er krafist, að „eigendum Holts og Herjólfsstaða verði gert að greiða sameiginlega“ þessum gagnáfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti og eigandi Hrífunessex verði sérstaklega dæmdur til að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Til vara krefjast þessir gagnáfrýjendur staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en þeir fengu gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytisins 5. nóvember 1980.

Jarðirnar Holt I og II og Herjólfsstaðir I og II eru í eigu ríkisins. Jón Ásgeirsson er ábúandi á Holti I, sem áður var Holt II, en Páll Bárðarson er ábúandi á Holti II, sem áður var Holt I og III. Bjarni Bjarnason hefur gerst ábúandi á Herjólfsstöðum II og tekur við aðild málsins fyrir Hæstarétti af Hirti Hannessyni, sem ekki er lengur ábúandi þar.

Eins og áður segir, áfrýjuðu aðaláfrýjendur, eigandi og ábúendur Holts og Herjólfsstaða, máli þessu með stefnu 28. ágúst 1980. Eigandi og ábúandi Hrífuness áfrýjaði málinu með stefnu 19. september 1980, innan fjögurra vikna frá útgáfu áfrýjunarstefnu aðaláfrýjenda, sbr. 3. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973, en eftir að liðinn var áfrýjunarfrestur samkvæmt 1. mgr. sömu gr. Þessi áfrýjandi hefur eigi aflað sér áfrýjunarleyfis, og verður því að vísa aðal-sök hans á hendur eigendum og ábúendum Skálmarbæjar frá Hæstarétti.

Áfrýjunarstefna eigenda og ábúenda Skálmarbæjar er útgefin 30. september 1980. Þá var liðinn hinn almenni áfrýjunarfrestur samkvæmt 1. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 og fjögurra vikna frestur sá, sem um ræðir í 3. mgr. sömu gr., frá útgáfu áfrýjunarstefnu aðaláfrýjenda, en við útgáfu þeirrar stefnu verður að miða, þar sem áfrýjunarstefna eigenda og ábúanda Hrífuness var gefinn út eftir að áfrýjunarfrestur var liðinn, eins og fyrr segir. Eigendur og ábúendur Skálmarbæjar hafa ekki aflað sér áfrýjunarleyfis. Verður því að vísa gagnsökum þeirra frá Hæstarétti, en túlka kröfur þeirra þannig, að þeir krefjist staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt þessu er úrlausn héraðsdóms um ágreining um landamerki milli eiganda Hrífuness og eigenda Skálmarbæjar ekki til endurskoðunar fyrir Hæstarétti.

Dómarar Hæstaréttar hafa farið á vettvang.

Allmörg ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Af hálfu aðaláfrýjenda hafa m.a. verið lagðar fram yfirlýsingar nokkurra manna. Stefán Stefánsson Vík, segir í yfirlýsingu 15.

febrúar 1982, að hann geti staðfest, að Skálmarbær eigi ekkert land vestan núverandi þjóðvegur í Hrífuneshólmi, en hann geti ekki bent nákvæmlega á merkjapunkta. Sigurður Bárðarson segir í yfirlýsingu 17. september 1981, að Einar Runólfsson, fæddur 1885 á Skálmarbæjarhraunum og uppallinn þar til 14 ára aldurs, hafi sagt sér, að Skálmarbær ætti ekkert af Ljósavötnunum og markhóllinn þar væri í mýrinni norðaustan af Fossaréttinni. Frá þeim hóli lægi svo línan til norðurs upp í Hrífuneshólm. Hilmar Jón Bryjólfsson, Þykkvabæjarklaustri, segir í yfirlýsingu 16. september 1981, að móðir sín hafi sagt sér eftir konu, sem átti heima á Ljósavötnum, að engjar bæjarins hefðu verið suðaustur frá bænum, þar sem nú eru áraur. Þar hafi verið hraunhóll, sem heitið hafi Ljósavatnahóll og verið markhóll milli Skálmarbæjar og Skálmarbæjarhrauna annars vegar og Holts og Herjólfstaða hins vegar. Þaðan hafi merkjalínan legið til norðurs eða norðausturs í svokallað Baugadældargil, sem sé norðaustan á Hrífuneshólmi. Þá hefur verið lagður fram leigusamningur 23. júní 1969, talinn gerður milli Sandræktarfélags Skaftártunguhrepps og eiganda og ábúenda Holts um 66 ha óskipt land jarðanna vestur af Laufskálavörðu til túnræktar. Hafa tveir þeirra, sem undirrituðu samning þennan f.h. Sandræktarfélagins vottað, að þeir hafi ekki vitað annað en allt þetta land tilheyrði Holti og Herjólfstöðum. Þá hefur verið lögð fram yfirlýsing Sigurðar Sveinssonar rafvirkjameistara 6. september 1981, en hann er fæddur á Þykkvabæjarklaustri 1922 og ólst þar upp fram yfir tvítugsaldur. Hann kveður merkin milli Holts og Herjólfstaða annars vegar og Skálmarbæjar hins vegar hafa legið „frá háum og sérstæðum merkjahól með torfuvörðu á, í eða við Ljósavatnslæk og beint norður í stefnu á miðjan Hrífuneshólma norðan Hádegisgljúfurs (Holtin)“. Hann kveður Keldnatær allar hafa verið taldar tilheyrja Holti og Herjólfstöðum, sem hafi átt „land allt norður að Hólmsá þó þannig, að Hrífunes ætti hálf Holtin“. Sigurður hefur staðfest þetta vottorð sitt fyrir dómi. Kvaðst hann hafa vitneskjuna eftir föður sínum. Einar H. Einarsson, Skammadalshóli, hefur hinn 13. september 1981 ritað nokkra lýsingu á staðháttum eftir athugun á vettvangi 13. september 1981. Hann taldi að minnsta kosti hluta af Hólmsá hafa runnið allengi „suðaustur lægdina skammt austur af Hvítanestorfu og síðan suðaustur aurasvæðið í

Hrífuneshólmi og [hefði] sá hluti árinna runnið aftur í Hólmsá um Baugadeildargil og brotið gilið í hraunið“. Hann taldi vesturenda Baugadeildargils vera því sem næst 200 m austur af suðausturhorni flugvallargirðingar, sem er þarna.

Af hálfu eigenda og ábúenda Skálmarbæjar hefur m.a. verið lagt fyrir Hæstarétt vottorð frá Arinbirni Þorkelssyni 15. september 1981, þar sem hann kveðst hafa heyrt, að Keldnatær tilheyrðu Skálmarbæjarhraunum.

Í landamerkjabréfum frá 1886 fyrir jarðir þær, sem um er fjallað í máli þessu, eru m.a. nefnd örnefnin Baugadeild, Baugadæld og Baugadeildargil, sem ráði merkjum.

Árni Þ. Jónsson, eigandi Hrífuness, heldur því fram, að Baugadeild sé nafn á gömlum farvegi, þar sem Leirá eða kvísl úr henni hafi áður runnið, og dregur kröfulínu sína eftir honum frá Hvítanestorfu sunnan við svonefndar Hólmsbrýr austur í Kúðafljót. Farvegur þessi er greinilegur. Eigendur Skálmarbæjar halda því fram, að Baugadeildargil hljóti að vera, þar sem Baugadeildarkvíslin hafi átt upptök sín, en það telja þeir hafa verið nálægt Leirárhólma við austurenda Hvítanestorfu. Þeir telja, að Hólmsá ráði merkjum að norðanverðu frá Leirárhólma austur í Kúðafljót, að því undanskildu, að merkin fylgi á kafla skeifumynduðum sveig, gljúfri sunnan Hólmsár, sem Árni Þ. Jónsson og fleiri nefna Hádegisgljúfur.

Eigandi og ábúendur Holts og Herjólfssstaða miða við, að gilið austan við áðurnefnt Hádegisgljúfur sé Baugadeild.

Samkvæmt landamerkjabréfi Skálmarbæjar frá 1886 er merkjum jarðarinnar lýst svo, að frá Ljósuvatnalækshóli sé „bein lína norður, sem Baugadeild myndast, úr Baugadæld austur í Hólmsá, svo eftir Hólmsá austur í Flögulón“. Í landamerkjabréfi Hrífuness frá 1886, segir: „svo ræður Hólmsá að sunnan vestur að Baugadæld, svo ræður Baugadæld vestur í Leirá, svo ræður Leirá vestur að Hvítanestorfu“. Í merkjalýsingu Holts frá 1886 segir, að efstamark að austan milli Holts og Skálmarbæjar sé, „úr Baugadeildargili í Hrífneshólmi, sem er hornmark í Ljósavatnalækshól“.

Í úttektaþókum Kirkjubæjarklausturs 1857 segir, að merki Skálmarbæjar séu úr Einiberjahóli í Markgróf fyrir ofan Skálm og

þaðan beina stefnu í Baugadeildarfarveg sem er „hjerum í miðjum Hrífuneshólmi“.

Í héraðsdómi er getið uppdráttar Sveins Pálssonar og Sæmundar Hólms. Á báðum þessum uppdráttum eru Hólmsá og Leirá sýndar renna hvor í sínu lagi í Kúðafljót. Á báðum uppdráttunum er ritað nafnið Baugadeild, þannig að þar getur verið átt við austasta hluta Leirár. Hið sama gildir um uppdrátt eftir Magnús Stephensen, sem er meðal gagna máls. Á uppdrætti Þorvalds Thoroddsen, sem gerður var 1894 af Vestur-Síðu og Landbroti 1782, sem einnig er vitnað til í héraðsdómi, virðist austasti hluti Leirár vera nefndur Baugadeild, eftir að kvísl úr Hólmsá hefur sameinast henni.

Í Ferðabók Þorvalds Thoroddsen frá árinu 1893 segir m.a.: „Áður hafði Leirá sérstakan farveg og rann fyrir sunnan Hrífuneshólma í Kúðafljót. . . . Fyrir seinustu aldamót rann Hólmsá um annan farveg suðvestur í Hrífuneshólminum og hét sá farvegur Baugadeild“.

Ágúst Böðvarsson, fyrrverandi forstöðumaður Landmælinga Íslands, segist hafa dregið hreppamörk milli Álftavershrepps og Skaftártunguhrepps eftir upplýsingum Jóns bónda í Hrífunesi sunnan við Leirárhólma og beina línu úr Leiráfossi í svonefnda Baugadæld, sem Jón hafi talið vera næstu lægð austan við Hádegisgljúfur. Jón var faðir gagnáfrýjandans Árna Þ. Jónssonar.

Július Jónsson, oddviti og hreppstjóri í Norður-Hjáleigu í Álftaveri, fæddur 1920, skýrði svo frá fyrir dómi, að sér hefði verið sagt, að Baugadeild eða Baugadeildargil væri, þar sem Holts- og Herjólfsstaðamenn segja það vera. Kvaðst hann einkum hafa þetta eftir föður sínum og afa.

Áður er greint frá vottorðum Hilmars Jóns Brynjólfssonar og Einars H. Einarssonar.

Í áður nefndum landamerkjabréfum Hrífuness og Skálmarbæjar segir berum orðum, að Hólmsá ráði merkjum milli jarðanna á kafla austast. Þetta getur tæpast samrýmst því, að hinn gamli Leirárfarvegur fyrir sunnan Hólmsbrýr sé á merkjum, því að hann liggur út í Kúðafljót sunnan við ármót Hólmsár. Í landamerkjabréfi Holts er nefnt Baugadeildargil í Hrísneshólmi. Þykir mega ganga út frá því, að þar séu um að ræða sama stað og hin bréfin nefna Baugadæld.

Samkvæmt því, sem nú er rakið, verður talið, að Baugadeild (Baugadeildargil) sé lægð sú og gljúfur, sem er sunnan og austan við gljúfur það, sem samkvæmt framansögðu er nefnt Hádegisgljúfur. Samkvæmt þessu þykir mega staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um landamerki Hrífuness að sunnan frá punkti P til R.

Ágreiningur Skálmarbæjar annars vegar og Holts og Herjólfsstaða hins vegar varðar að sunnanverðu kennileitin Grænhæðarmark eða Grænhól og Ljósuvatnalækshól. Er fallist á niðurstöðu héraðsdóms um, að Grænhæðarmark sé, þar sem merktur er punktur D á uppdrætti dómsins, og að ekki sé hægt að segja til um með neinni vissu, hvar Ljósuvatnalækshóll sé.

Áður er rakið, að samkvæmt landamerkjabréfi Skálmarbæjar sé landamerkjalinan úr Ljósuvatnalækshóli „bein lína norður sem Baugadeild myndast“. Í landamerkjabréfi Holts segir, að Baugadeildargil „í Hrisneshólmi“ sé hornmark. Í áðurnefndri úttektargerð fyrir Skálmarbæ 1857 segir, að merkin séu bein stefna í Baugadeildarfarveg, sem er „hjerum í miðjum Hrífuneshólmi“.

Merkjalýsingar þessar þykja allar benda til, að merkin séu fremur um miðjan Hrífuneshól en vestan við hann, eins og í héraðdómi er talið. Til stuðnings þessu má og vísa til framburðar Ágústis Bødvarssonar, vottorða Einars H. Einarssonar og Stefáns Stefánssonar, sem áður eru rakin, svo og framburðar Sigurðar Sveinssonar, sem telur merkjalínuna hafa legið „beint norður í stefnu á miðjan Hrífuneshólmi norðan Hádegisgljúfurs“.

Af hálfu eigenda Skálmarbæjar er lögð áhersla á, að landamerkjabréfið fyrir Hrífunes frá 1886 sé ekki undirritað af ábúendum Holts og Herjólfsstaða. Ekki verður þetta atriði talið ráða úrslitum um, að Holt og Herjólfsstaðir hafi ekki átt land á mótí Hrífunesi, því að ýmsar ástæður gátu legið til þess, að þeir rituðu ekki undir bréfið. Ekki verður það talið mæla gegn því, að merkin séu um miðjan Hrífuneshólmi, að tekið er fram í landamerkjabréfi Herjólfsstaða, að Holt og Herjólfsstaðir eigi sambeit norður að Leirá.

Samkvæmt því, sem nú er rakið, þykir verða við það að miða, að hornmörk jarðanna að norðan séu á þeim stað, þar sem lægð sú eða farvegur byrjar að vestanverðu, sem telst vera Baugadeild eða Baugadæld og er merktur R á uppdrætti héraðsdóms. Ber þá að

ákveða merkin eftir línu frá punkti A um punkta B, C og D (Grænahæðarmark), eins og í héraðdómi greinir, og þaðan beina línu í punkt R.

Ragnar Árnason mælingaverkfræðingur hefur að tilhlutan Hæstaréttar markað dómlínu Hæstaréttar á uppdrátt Skúla Jóhannssonar verkfræðings, þar sem einnig er mörkuð dómlína héraðsdóms og kröfulína málsaðilja. Uppdráttur þessi er hæstaréttarskjal P.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Allur gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður máls þessa fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málf lutningslaun skipaðra talsmanna eigenda Hrífuness og eigenda Skálmarbæjar, 35.000.00 krónur til hvors.

#### D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti að því er varðar framangreinda kröfu eiganda og ábúanda Hrífuness á hendur eigendum og ábúendum Skálmarbæjar og framangreindar kröfuer eigenda og ábúanda Skálmarbæjar á hendur eiganda og ábúanda Hrífuness og eiganda og ábúendum Holts I og II og Herjólfsstaða I og II.

Landamerki milli Holts I og II og Herjólfsstaða I og II annars vegar og Skálmarbæjar hins vegar skulu vera lína, sem dregin er samkvæmt því, sem að framan greinir, frá punkti A um punkta B, C, og D og þaðan bein lína í punkt R, eins og lína þessi er mörkuð á uppdrætti Ragnars Árnasonar og Skúla Jóhannssonar á hæstaréttarskjal P.

Landamerki milli Hrífuness annars vegar og Holts I og II og Herjólfsstaða I og II hins vegar verða bein lína frá punkti R í punkt P á framangreindum uppdrætti.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Allur gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður gagnáfrýjanda Árna P. Jónssonar og stefndu Gests Vigfússonar, Gísla Vigfússonar og Jafets Vigfússonar fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkis-

sjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns gagn-áfrýjanda, Gunnars Jónssonar héraðsdómslögmanns, 35.000.00 krónur, og málflutningslaun skipaðs talsmanns stefndu, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000.00 krónur.

### S é r a t k v æ ð i

#### Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála meiri hluta dómenda um úrlausn þá, sem í dómi greinir varðandi frávísun aðalsakar eiganda Hrífunes frá Hæstarétti svo og frávísun gagnsakar eigenda og ábúenda Skálmarbæjar og að túlka beri kröfur hinna síðargreindu þannig, að þeir krefjist staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskosnaðar fyrir Hæstarétti.

Hins vegar tel ég gögn þau, sem lögð eru til grundvallar í dómi meiri hluta Hæstaréttar og þar eru rakin, eða önnur gögn, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, eigi ráða þeim úrslitum, að breyta beri niðurstöðu héraðsdóms að svo miklu leyti sem hann kemur til endurskoðunar samkvæmt framansögðu.

Ég er sammála ákvörðunum meiri hluta dómenda um málskostnað og gjafsóknar- og gjafvarnarlaun.

#### Dómur merkjadóms Vestur-Skaftafellssýslu 12. júní 1980.

Mál þetta, er dómtekið var í dag, hafa eigendur Skálmarbæjar, Álftavershreppi, Vestur-Skaftafellssýslu, þeir Gestur Vigfússon, Gísli Vigfússon og Jafet Vigfússon, höfðað fyrir merkjadóminum með bréfum og öðrum skjölum framlögðum í dómi 29. október 1977, en af bréfum þessum kemur fram, að ágreiningur er uppi milli þeirra og eigenda Holts og Herjólfstaða um landamerki jarðanna.

Endanleg kröfugerð sækjenda kemur fram á dskj. nr. 48 sem varakrafa og dskj. nr. 76 og er þessi: Að *vestur mörk* Skálmarbæjarlands ákveðist af beinni línu, er hugsast dregin úr Holtslæk (A) til Markholts (B), þaðan í Einiberjahól (C) og af beinni línu þaðan í Grænhæðamark (D) og af beinni línu þaðan í Leirárfarveg suður af Hvítanestorfutá (F).

Að *norður mörk* ákveðist af beinni línu frá (F) til (G) og síðan ráði miðlína Hólmsár að punkti (H), en þaðan fylgi merkjalínan skeifumyndum sveig á hreppamarkalínunni að punkti (I), en þaðan bein lína til norðurs í Hólmsá (J) og síðan ráði miðlína Hólmsár þar til hún fellur í Flögulón (K).

Pá er krafist hver sem málsúrslit verða að eigendum Holts- og Herjólfstaða verði gert að greiða sameiginlega vegna jarðanna málskostnað til stefnenda, svo og að eiganda Hrífuness verði sérstaklega gert að greiða þeim málskostnað, allt að mati dómsins.

Ábúendur, Hjörtur Hannesson, Herjólfstöðum I, Gissur Jóhannesson, Herjólfstöðum II, og landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs sem eigandi jarðanna láta sækja þing. Svo gera einnig Jón Árnason, Holti II, Páll Bárðarson, Holti I og III, sem ábúendur og eigendur þeirra jarða. Þessir aðiljar gera sameiginlegar dómkröfur, og eru þær þessar, sbr. dskj. nr. 74: „Að merkjalína milli *Holts/Herjólfstaða* og *Skálmarbæjar* verði ákveðin þannig: Úr Holtslæk, auðk. A á franmlögðum uppdrætti, um punkta auðk. B og C, í Grænhæðarmark, auðk. O, um Ljósuvatnalækshól N, og þaðan bein lína í upptök Baugadeildargils L, á uppdrættinum. *Norðurmörk Holts/Herjólfstaða* gagnvart Hrífunesi skulu vera, — með hliðsjón af uppdrætti (leiðréttingu) Ágústars Böðvarssonar, dskj. nr. 70 fskj. — eftir (rauðkritaðri) línu L — um punkt M — í punkt G vestur í Leirá.

*Þá er þess krafist*, að Skálmarbæjarmenn, Gestur, Gísli og Jafet Vigfúsynir, og Hrífunesmaður Árni Þ. Jónsson, verði in solidum dæmdir til að greiða umbjóðendum mínum málskostnað fyrir landamerkjadóminum, eftir reikningi, eða að mati réttarins.“

Eftir vettvangsgögnum 14. september 1977 var ljóst, að ágreiningur var einnig uppi um suðurmörk jarðarinnar Hrífuness (áður Hrísnes) gagnvart ofangreindum jörðum. Dómurinn benti þess vegna Árna Þ. Jónssyni, eiganda jarðarinnar, sem hafði verið viðstaddur vettvangsgönguna, á, að nauðsynlegt væri, að hann gerðist meðalgönguaðili. Árni ákvað síðan í þinghaldi þessu að gerast meðalgönguaðili. Kröfur hans koma fram í greinargerð lögmanns hans, dskj. nr. 41. Þar segist lögmaðurinn krefjast, „að verndaður verði réttur umbjóðanda hans og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda og stefnda in solidum eftir mati hins virðulega dóms, þannig: *aðallega*, að suðurmörk jarðarinnar Hrífuness verði dæmd vera þau, sem umbjóðandi minn hefur dregið þau upp á dskj. nr. 35, svo og á landamerkjalýsingu sinni, dags. 16. mars 1978 á dskj. nr. 32, sbr. og dskj. nr. 44, svo og nr. 43, þ.e.a.s. frá Hvítanestorfu í boga suðaustur að brúnni (Leirárbúin) og þaðan í nokkurn veginn beinni línu út að Kúðafljóti, sbr. vettvangsgönguna 14. sept. sl. og að umbjóðandi minn teljist þar með eiga beinan eignarrétt að svæðinu norðan línunnar, en *til vara*, að línan teljist eitthvað norðar, telji dómurinn farveg Baugdeildar hafa verið norðar, en *til þrautavara*, að svæði það, er umbjóðandi minn hefur ræktað sunnan Hólmsár svo og svæðið, sem afmarkast af veginum vestan megin, flugbrautinni og ræktaða svæðinu sunnan megin og frá

austurenda flugbrautar til norðurs að Hólmsá austan megin, verði talinn beinn eignarréttur Hrífuness.“

Lögmenn sækjenda og verjenda hafa lýst því yfir, að þeir samþykki, að meðalgöngusökin komist að í málinu, og segja, að andsvör þeirra gegn henni komi fram í kröfugerðum þeirra.

Sáttaumleitanir fyrir dóminum hafa reynst árangurslausar.

Upphaf máls þessa er það, að 26. maí 1972 ritar einn eigenda Skálmarbæjar, Gestur Vigfússon, sýslumanni Vestur-Skaftafellssýslu svohljóðandi bréf:

„Ég leyfi mér hér með að snúa mér til yðar, hr. sýslumaður, með eftirfylgjandi erindi:

Fyrir um það bil tveimur árum kom upp ágreiningur milli eigenda Skálmarbæjar og Holts, Álftavershreppi um landamerki jarðanna. Telja eigendur Holts, að þeir eigi land á móti Hrífunesi það langt til austurs, að Skálmarbær eigi ekki, nema 500 til 1000 metra á móti Hrífuneslandi. Eigendur Skálmarbæjar telja sig hins vegar eiga allt land á móti Hrífunesi og e.t.v. lenga til vesturs. Byggja þeir rétt þennan á skrá yfir landamerki á Þjóðjörðinni Skálmarbæ nr. 42 frá 18. júní 1886 þar sem eigendur Skálmarbæjar, Jórvíkurhryggja, Hrífuness, Leiðivalla og Holts koma sér saman um landamerki þau, er þar greinir. Ljósmynd af nefndri skrá fylgir. Í landamerkjaskrá nr. 38 frá 8. júní 1886 undirrita þeir landeigendur, sem land eiga á móti Hrífunesi landamörk þeirra jarðar og kemur þar glöggft fram, að það eru einungis eigendur Flögu (að norðan) og Skálmarbæjar (að sunnan). Holts er þar hvergi getið, en eigandi þess hefði að sjálfsögðu undirritað landamörkin, ef hann hefði talið land sitt liggja að Hrífuneslandi. (Ljósmynd af skrá nr. 38 fylgir með).

Skrá nr. 44 er yfir landamerki Holts. Rita eigendur Hrífuness að sjálf-sögðu heldur ekki undir þá skrá. Virðist allt bera að sama brunni um, að Holt eigi alls ekkert land á móti Hrífunesi. (Skráin fylgir í ljósriti). Að því, er virðist, án raka telur Holt sig eiga land á móti Hrífunesi sbr. fram-anritað og skerðir það, ef slíkt fengist viðurkennt, landareign Skálmarbæja að sama skapi.

Með skírskotun til framansagðs vil ég eindregið mælast til þess, f.h. eigenda Skálmarbæjar, við yður hr. sýslumaður, að þér rannsakið mál þetta samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum og öðrum þeim upplýsingum, sem fáanlegar væru, svo að það mætti leysast á réttlátan máta sem fyrst og í eitt skipti fyrir öll.“

Landamerkjaskrár þær, sem hér er vitnað til, eru svohljóðandi: „Skrá yfir landamerki á Þjóðjörðinni Skálmarbæ.

Úr fljótsmarki í Smalaskála. Þaðan í hornmark, svo ræður Holtslækur, frá honum í Markholt, svo í Einberjahól, svo í Grænhæðarmark, þaðan

í Ljósuvatnalækshól, svo bein lína norður þangað, sem Baugadeild myndast, úr Baugadæld austur í Hólmsá, svo eftir Hólmsá austur í Flögulón, svo úr Flögulíni suður eftir Fljótssarveg hinum forna, fyrir austan Jórvíkursanda. Fram að hinu að ofnagreiðu Fljótsmarki, sem er suðurhornmark. Skálmabæ hinn 18. júní 1886.

Runólfur Gunnsteinsson Jón Sigurðsson  
Jórvíkurhryggjum Jón Jónsson, Páll Símonarson  
Hrísnesi Runólfur Árnason, Einar Bjarnason  
Leiðvelli Jón Jónsson

Holti Steinunn Helgadóttir, Jón Símonarson  
Lesið á manntalsþingi að Undirhrauni, 21. júní 1886 og ritað í landamerkjabók Skaftafellssýslu nr. 42.

Vottur: Sigurður Ólafsson “

„Landamörk í kringum landareign þjóðjarðarinnar Hrísness í Skaftártunguhreppi.

Landamörkum að austan ræður Eldvatnið frá Fauskalækjarminni suður að Hólmsármynni, svo ræður Hólmsá að sunnan vestur að Baugadæld, svo ræður Baugadæld vestur í Leirá, svo ræður Leirá vestur að Hvítanesstorfu, sem er við Hólmsá, svo ræður Hólmsá landamörkum að vestan, norður að Björgilsmynni, úr Björgilsmynni sjónhending austur í Volasetur, úr Volasetri sjónhendingu í Fauskalækjargljúfursbotna, svo ræður Fauskalækjargljúfur austur að Skerhól, þaðan sjónhendingu í Fauskalækjarmynni, sem fellur í Eldvatnið milli tveggja varða.

Ennfremur skal þess getið að Kirkjubæjarklaustursjarðaleiguliðar í Dyrhólahreppi, taka árlega skóg í Hrísnesslands, en hvernig sá brúkunarréttur er undir sig kominn, veit ég ekki.

Hrísnesi 8. júní 1886.

Einar Bjarnason (ábúandi)  
Gunnar Vigfússon á Flögu,  
Runólfur Gunnsteinsson á Skálmabæ,

Lesið á manntalsþingi að Undirhrauni 21. júní 1886, og ritað í landamerkjabók Skaftafellssýslu nr. 38.

Vottar: Sigurður Ólafsson“

„Skrá yfir landamerki á þjóðjörðinni Holti.

Efstamark, að austan milli Holts og Skálmarbæjar, úr Baugadeildargili í Hrísnesshólmi, sem er hornmark í Ljósuvatnalækshól, þaðan í Grænhól, svo í Einiberjahól, svo í Markholt, síðan ræður Holtslækur í hornmark, úr því í rúst á túni í vesturjörð Jórvíkurhryggja, þaðan í Staðarþúfu, úr Staðarþúfu í Merkigarðsenda, að sunnan við stöðuvatnið, að norðan við Holts og Herjólfsstaðavatn, úr mjósundstanga í Grænhól á Hala. Hagar allir sem Holt og Herjólfsstaðir eiga, sambeitarland norður að Leirá. Af-

réttur eftir jarðarmegni, Einhyrningsfjöll og Atlaey, sem liggur milli Hólmsár og Jökuls norður fyrir Brytjulæki.

Runólfur Árnason	Jón Símonarson
Steinunn Helgadóttir	Þorsteinn Bjarnason
Jón Andrésson	Hjörtur Bjarnason
Páll Símonarson	Jón Jónsson
Jón Sigurðsson	Runólfur Gunnsteinsson

Lesið á manntalsþingi að Undirhrauni, 21. júní 1886 og ritað í landamerkjaskrá Skaftafellssýslu nr. 44.

Vottur: Sigurður Ólafsson“

Á það eru ekki brygður bornar, að undirritunum sé þannig háttað sem Gestur Vigfússon hefur lýst hér að framan. Af hálfu eigenda Holts og Herjólfsstaða er því hins vegar haldið fram, að algengt sé í gömlum landamerkjabréfum, að undirskriftir vegna einstakra jarða falli niður.

Bréfi Gests Vigfússonar frá 26. maí 1972 fylgir einnig merkjalýsing Holts frá 9. mars 1916, gerð af Jóni Sverrissyni, þáverandi ábúanda jarðarinnar. Merkjalýsing þessi er ekki þinglesin, og eigendur og ábúendur aðliggjandi jarða skrifa ekki undir hana. Í merkjalýsingu þessari segir m.a.: „Svo norður Holtslækur vestur á móts við Markholt, þaðan í Marknef og svo um Ljósuvatnalækshól og beina sjónhendingu í Hrafnhólsgil í Hrínesi (Hrífunes) heiði

Upp með marklínu þessari að austan liggja fyrst lönd Jórvíkur jarða að Holtshorni en svo þaðan til Hólmsár, lönd Skálmarbæjar og Skálmarbæjarhrauna.“

Þann 14. júní 1973 ritar Gestur Vigfússon sýslumanni bréf og áréttar ósk sína um, að ágreiningur sá, sem hér er fjallað um, sé rannsakaður, sáttir reyndar eða málið látið ganga til dóms. Þessu bréfi fylgja enn ný gögn. Í fyrsta lagi ljósrit af fundargerð Álftavershrepps frá 24. október 1903. Segir þar í 7. lið:

„7° Leifðar umræður hreppinn varðandi.

- Rætt um að verði að byggja lögrétt og gengið til atkvæða að koma henni upp, á þeim hentugasta stað, sem fyrir finnst í hreppnum og var það samþykkt í einu hljóði.
- Rætt um hvort réttin skuli byggjast fyrir ofan Skálm, eða framan og gengið til atkvæða með að byggja hana í Herjólfsstaða eða Holtslandi þar sem byggingarefni væri hentugast og greiddi atkvæði með að byggja hana fyrir framan Skálm 7, en 8 móti.
- Gegnið til atkvæða að byggja hana fyrir ofan Skálm og greiddu atkvæði með því 8, en móti 7. Og ákveðið að réttin skuli verða byggð upp fyrir vanalegar réttir haustið 1904.

- d. Rætt um að óskil skuli rekast bæ frá bæ um hreppinn að fráteknum Skálmabæ að Herjólfssstöðum og skuli svo allir skildir að koma þeim til réttar, réttardaginn.“

Í öðru lagi ljósrít úr fjallskilareglugerð fyrir Leiðvallahrepp. Upphaflega saminni af hlutaðeigandi hreppsnefnd. Síðar endurskoðuð og staðfest af hlutaðeigandi sýslunefnd á aðalfundi hennar 26. apríl 1976. Í 3. gr. reglugerðarinnar er rætt um Skálmarbæjarrétt. Í reglugerðinni segir m.a. í 1. gr.: „ . . . Hrísnes ábúandinn má að auki taka út meðallandi í Hrísneshólm 60 lömb, og ábyrgist að tala sú sé ekki meiri en ákveðið er. Skálmarbæjar ábúendur ljái Álftveringum afréttartiltölu sína og séu fyrir það friir við annað eða þriðja afréttarsafn.“

Þann 29. september 1976 ítrekar Gestur Vigfússon enn erindi sinnt við sýslumann. Sýslumaður, Einar Oddsson, svarar þessu bréfi 8. október 1976 og óskar eftir greinilegri kröfugerð um, hvað langt vestur land Skálmarbæjar nái að mati eigenda. Gestur Vigfússon svarar bréfi sýslumanns 18. október 1976 og lýsir mörkum Skálmarbæjar svo:

„Að sunnan Kúðarfljóts, mark sem er hornmark, þaðan vestur í Smala-skálarof, sem er syðst í suðurkrók, þaðan í hornmark, úr hornmarki í Holtslæk, svo ræður Holtslækur vestur á mótis við Markholt. Úr Holtslæk í Markholt, frá Markholti í Einiberjahól, frá Einiberjahól í Grænhæðarmark, frá Grænhæðarmarki í Ljósuvatnalækshól (Ljósuvatnalæksháls). Þaðan bein lína norður, þangað sem Baugadeild myndast, og teljum við mjög líklegt, að sú lína sé um Keltnatær að vestan við þær. Svo er sagt að Baugadeild ráði austur í Hólmsá, þaðan ræður Hólmsá austur í Flögu-lón, svo ræður hinn forni Kúðarfljóts farvegur suður í ofangreint Kúðarfljóts hornmark, sem er hornmark milli Skálmarbæjar, Leiðvallar, Sanda og Jórvíkur.“

Þann 11. maí 1977 ritar sýslumaður Páli bónda Bárðarsyni í Holti. Sendir honum ljósrít bréfs Gestis Vigfússonar frá 18. október 1976 og spyr, hvort hann sætti sig við landamerki, eins og þau koma fram af bréfinu.

Þann 31. maí 1977 svara ábúendur Holts og Herjólfssstaða bréfi sýslumanns. Í bréfi þeirra segir:

„Við undirritaðir ábúendur Holts og Herjólfssstaðajarða, sem sameiginlega höfum land að vestara marki Skálmarbæjar, mótmælum markalýsingu þeirri af Skálmarbæ sem lýst er í bréfi til sýslumanns V-Skaftafellssýslu, dagettu 18. okt. 1976, undirrituðu af Gesti Vigfússyni, Skálmarbæ fyrir hönd þeirrar jarðar, þar sem við teljum markalýsinguna ranga.

Við vísum þess í stað til landamarka frá árinu 1886, sem skráð eru í Landamarkabók V-Skaftafellssýslu.

Við undirritaðir erum reiðubúnir til að fara á mörk þessara jarða, og

eins að skýra og færa rök fyrir sjónarmiðum okkar hvort heldur sem er munnlega eða skriflega.

Æskilegt væri að eitthvað væri gert í máli þessu.“

Í merkjalýsingu Herjólfsstaða frá 1886, sem fram hefur verið lögð, segir, að Holt og Herjólfsstaðir eigi alla haga saman, . . . „sambeitarland, norður að Leirá.“

Lögð hefur verið fram lýsing Árna Þ. Jónssonar, á suðurmörkum jarðarinnar Hrífuness. Árni er eigandi jarðarinnar. Lýsing þessi er á dskj. nr. 32 og er svohljóðandi:

„Landamerki eru þessi: Úr Baugadeildarmynni, þar sem hún fellur í Kúðafljót, ræður bergvatnslækur vestur eftir Baugadeild meðfram hólmsbrún og áfram vestur eftir Baugadeild (gili) og í Hvítanes, sem er grastorfa og við farveg hinnar fornu Baugadeildar. Þar sem hún fellur úr Hólmsá og þar sem hinn forni Baugadeildarfarvegur myndast, hefur nú verið gerð fyrirhleðsla eða árið 1944 og nefnd kvísl stokkuð í Hólmsá.“

Þá hefur Árni lagt fram bréf Þjóðskjalasafns Íslands til sín, dags. 16. maí 1969. Bréf það hljóðar svo:

„Í tilefni bréfs yðar 7. maí sl. skal þetta tekið fram:

- I. Um örnefnið „Baugadeild“ eru engar upplýsingar í jarðskjalasafninu hér.
- II. Landamerki jarða þeirra, er þér nefnið í bréfinu, eru til í Úttektarbókum Kirkjubæjarklausturs:
  1. Hrífunes 1845. „Landamerki eru þessi: Að vestanverðu ræðr Hólmsá aust á mots við Hvítanestorfu, og svo aust úr svokallaðri Baugadeild austr í eldhraun, úr Eldhrauninu og í Fauskalæk, lækr þessi ræðr í Pottgljúfr, síðan ræðr það úti háutorfu, það sjónhending í Valasetr, Valasetr í Björgilskjapt útundir Hólmsá.“ Úttektir 1838-1847, bls. 86.
  2. Skálmarbær 1857 9/5. „Landamörk eru sögð að vera, að vestan út-suðurmark er Holtslækur suður af markholti úr honum í Einiberjahól, úr honum í Markgróf fyrir ofan Skálm, úr markgróf beina stefnu í Baugadeildarfarveg, sem er hjerum í miðjum Hrífuneshólmi, síðan Kúðafljót fram á móts við Smalaskála, úr smalaskála í Holtslæk, sá lækur ræður þartil hann kjemur á móts við markholt.“ Úttektabók 1843-1867, bls. 173.
  3. Holt 1857. „Landamörk eru ei alveg viss.“ Sama bók, bls. 174.
  4. Herjólfsstaðir 1857. Landamarka ekki getið. Bls. 179.
  5. Hrífunes 1857 17/6. „Landamörk eru talin þessi Fauskalækur að austan er rennur í Eldvatnið, og eptir þeirri stefnu í Kúðhólma í Eldhrauni, úr Kúðhólma sjónhending suður á móts við þarsem Baugadeild kjemur í Eldvatnið svo ræður Baugadeild vesturúr í Leyrá, svo ræður Leyrá í Hólmsá fyrir framan Hvítanestorfu, svo ræður Hólmsá norður

á móti Björgilskjapti, úr Björgilskjapti sjónhending í valasetur, þaðan sjónhending í Fauskalækjarbotná, er fellur í Pottgljúfur, syðan ræður Fauskalækur í Eldvatn.“ Sama bók, bls. 212.

- III. Í Íslensku fornbréfasafni er Baugadeild nefnd á einum stað (í II. bindi, bls. 854), þar sem tekinn er upp kafli úr lýsingu sr. Sæmundar M. Hólms á Skaftafellssýslu. Þar segir svo um Kúðafljót: „Áminst fljót sprettr fyrst upp í Bláfjalli; í það renna Leirá ítem Baugadeild, tvær stórelfur slæmar og opt ófærar; á milli þeirra er einn hólmr, sem var lamba afrétr.... Ítem rennr í Kúðafljót vatnsfall(ið) Landá.“
- IV. Skaftafellssýslur vantar í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Að öðru leyti vísast til bókasafna um prentaðar bækur.
- V. Vera má, að eitthvað kunni að mega finna um þetta efni í óprentuðum ritum sr. Sæmundar Hólms, Sveins Pálssonar og annarra í Landsbókasafni eða öðrum söfnum, en til þess að hafa upp á því þarf umfangsmikla og tímafreka leit.“

Mál þetta snýst í raun um þrjú nánar tilgreind örnefni. Eigendur Skálmarbæjar annars vegar og eigendur Holts og Herjólfsstaða hins vegar deila um, hvar örnefni Grænhæðarmark og Ljósuvatnalækshóll eru. Síðan deila aðiljar allir um, hvar Baugadeild sé eða hafi verið, og einnig hvar þá megi segja, að hún hafi myndast. Verður nú fjallað um hvert þessara örnefna um sig.

a) Grænhæðarmark. Nefnt Grænhóll í landamerkjalyýsingu Holts frá 1886. Á meðfylgjandi uppdráttum, þar sem kröfulínur aðilja koma fram, eru tveir staðir merktir þessu örnefni. Hafa eigendur Skálmarbæjar nefnt til annan en eigendur og ábúendur Holts og Herjólfsstaða hinn. Dómarar hafa kynnt sér kennileit samkvæmt ábendingum aðilja. Á hafa aðiljar markað kennileiti á loftljósmyndir, sem fylgja málinu. Skálmarbæjareigendur segja kennileitið Grænhæðarmark vera austanhallt við Fjalhöfða, sem er þekkt kennileiti, og benda þar á örnefið.

Í úttektargerð fyrir jörðina Holt frá 1824, dskj. nr. 36, er sagt, að markalína liggja á móts við Markholt og þaðan stefnu beint til norðurs austanhallt við Fjalhöfða. Hér er því Fjalhöfða getið í merkjalýsingunni, en ekki Grænhæðarmarks eða Grænhóls.

Gisli Tómasson, Melhóli, Leiðvallahreppi, hefur gefið vottorð í málinu og staðfest það fyrir dómi. Gisli er fæddur 1897 og kveðst hafa verið vinnumaður í Skálmarbæjarhrauni árin 1912-1913. Í vottorðinu segir Gisli: „Landamerki milli Holts og Skálmarbæjar voru talin úr Holtslæk um Markholt, austan við Fjalhöfðann og um Ljósuvatnalækshól laust vestan við Keltatær og allt að Leirá“.

Sigurður Sverrisson, 83 ára, Vík í Mýrdal, hefur gefið vottorð í málinu,



en hann segist hafa verið vinnumaður hjá Vigfúsi Gestssyni bónda, Skálm-  
arbæ, árin 1915-1917. Vottorðið hefur verið tekið sem staðfest fyrir dómi.  
Hann segir í vottorðinu, að Vigfús hafi látið hann vera þau árin um það  
bil vikutíma hjá Jóni Eyjólfssyni í Skálmarbæjarhraunum, sambýlismanni  
Vigfúsar. Sigurður segist ekki geta sagt nákvæmlega um mörk milli Skálm-  
arbæjar og Holts, en segir Jón Eyjólfsson hafa sagt markið vestur við Fjal-  
höfða.

Ábúendur Holts og Herjólfsstaða, þeir Páll Bárðarson, Hjörtur Hannes-  
son og Gissur Jóhannesson, segja í aðiljaskýrslu sinni: „ Þau kennileiti sem  
notuð eru sem mörk sunnan Skálmar þ.e. Markholt, Einiberjahóll (nú um  
langan tíma kallaður Marknef) og Grænhæðarmark, þarf varla um að  
deila, svo eru þau mönnum kunn, enda á þau kennileiti, sem ábúendur  
Holts og Herjólfsstaða benda á, breiddir hvítir dúkar vegna loftmyndatöku  
af ábúendum Holts og Skálmarbæjar með fullu samþykki þessara aðila á  
milli.“

Stefán Stefánsson, f. 1897, Vík í Mýrdal, hefur gefið vottorð í málinu,  
staðfest það fyrir dómi og tekið þátt í vettvangsgöngu. Vottorðið hefur  
Gissur Jóhannesson, bóndi á Herjólfsstöðum, eftir Stefáni og undirritar  
það. Þar segir m.a.: „Stefán Stefánsson í Vík, f. 1897 átti heima að Holti  
frá 1906-1919 og hefur oftast verið hér meira og minna á hverju ári í Álfta-  
veri síðan, sagði mér undirrituðum í sumar, að um Einiberjahól vissi hann  
ekkert, en mörk milli Holts og Skálmarbæjar hafi alltaf verið talin,  
Marknef sem er há grasþúfa norðaustan við túnið, sem Jón heitinn Árnason  
ræktaði austur í Nefjum, Grænhæðarhólarnir (þeir eru tveir) vestast í  
Grænhæðinni rétt vestan við túnið í Skálmarbæ, og hóll sem er norður  
á Fossum, (landið norður við Skálmina, norður af tjörnunum sem eru  
norðvestan við Grænhæðina, kallast svo).“

Ljósuvatnalækshóll.

Í endanlegri kröfugerð sóknaraðilja er kröfulínan dregin nokkuð austan  
við hól þann, sem þeir hafa á uppdráttum talið vera þetta kennileiti. Í  
aðiljaskýrslu þeirra frá 16 ágúst sl. segjast þeir samþykkja, að hóllinn sé,  
þar sem vitnið Gísli Tómasson hafi staðsett hann þennan sama dag. Gísli  
kom þá fyrir dóminn og benti á þann stað, sem hann taldi hóllinn, og stað-  
festi vottorð það, sem áður er rakið. Staðsetning Gísla var skammt frá þeim  
stað, sem eigendur Skálmarbæjar höfðu áður staðsett Ljósuvatnalækshól  
og markað er á uppdráttinn.

Eigendur Skálmarbæjar benda máli sínu til stuðnings á eftirfarandi  
atriði, sem merkt eru f) - i) í aðiljaskýrslu þeirra:

„f) Manntölin 1848 og 1849 (dskj. nr. 20 og 21.) sýna, að 3. og 4.  
þyli Skálmarbæjar 1848 heita Ljósavötn og Skálmabæjarsel 1849, og voru

þau staðsett *vestan* kröfulínu Holtsmanna nú, og afsannar þetta réttmæti kröfulínunnar í hugsað *Baugadeildarmynni*.

g) Björn Magnússon segir í bók sinni „*Vestur-Skaftafellssýsla og íbúar hennar*“, að Ljósuvötn hafi verið í landi Skálmabæjar (dskj. nr. 24).

h) Fellt var að byggja lögrétt í Holtslandi 24. okt. 1903, en hún endurbyggð í Skálmalandi, sbr. friðindi Skálmarbæjar vegna rekstur óskilafénaðar (dskj. nr. 4), en lögréttin, sem kennd er við Skálmarbæ, var staðsett *vestan* ímyndaðrar merkjalínu Holtsmanna.

i) Skálmarbæjarmenn töldu land sitt ná um 1912 að vesturmarkalínu um Keltnatær og sem Leirá að norðurmarki, sbr. vætti Gísla Tómassonar.

Ábúendur Holts og Herjófsstaða, Páll Bárðarson, Hjörtur Hannesson og Gissur Jóhannesson segja um Ljósuvatnalækshól í sinni aðiljaskýrslu þetta:

„Um kennileitið Ljósavatnalækshól bendum við á umsögn Hannesar Hjartarsonar sem fylgir hér með. Ennfremur bendum við á að rétt sú á Ljósavötnum sem notuð var sem skilarétt Álftveringa til ársins 1918 var alltaf kölluð Fossrétt, ekki Skálmarbæjarrétt og að rétt þessi var ásamt því að vara skilarétt Álftveringa, notuð af ábúendum Holts og Herjófsstaða til að smala fé af landi sínu norðan Skálmar, bæði haust og vor. Eins mun sú venja hafa verið um aldamót að ábúendur Holts slepptu gemlingum sínum á vorin á Ljósavötnum. Ósennilegt má telja að hafi Ljósavötnin þá tilheyrt Skálmarbæ, að þeir hefðu gert það.“

Tilvitnað vottorð Hannesar Hjartarsonar hljóðar svo:

„Um landamerki milli Herjófsstaða og Holts, annarsvegar, og Skálmarbæjar og Skálmarbæjarhrauna hinsvegar, hefi ég litið að segja. Þegar ég var unglingur, nálægt fermingu, var ég ásamt fleiri unglingum, látinn sitja yfir fráfaru lömbum, fyrst yfir fráfarurnar á Ljósavötnum. Með okkur var eitthvað af fullornu fólki, meðal annarra var með okkur, við þetta verk fullorðinn karlmaður frá Holti, Guðmundur Runólfsson, er var þar uppallinn, en fluttist síðar út í Biskupstungur að Úthlíð. Vorum við unglingarnir látnir fara með lömbin með þeim fullornu, ástur að lækjum, sem renna skammt austan við Ljósuvötn, svo þau höfðu nóg vatn og einnig var hægara að passa þau, þegar þau höfðu aðhald af lækjunum. Þegar við vorum þar yfir lömbunum komum við þar að sand og grjóthól, sem við fórum uppá og skoðuðum. Var á honum vel hlaðin varða og svo sagði Guðmundur okkur, að þessi varða væri landamerkin milli téðra varða. Herjófsstaða og Holts, annars vegar, og Skálmarbæjar og Skálmarbæjarhrauna hins vegar, og lægi markið í beinni línu uppí Hrísneshól. Um annað mark, milli téðra jarða heyrði ég aldrei talað. Þegar fullorna fólkið minntist á þessi mörk, var alltaf sagt, að markið væri í þessum hól.“

Herjólfsstöðum 12. júlí 1978.

Hannes Hjartarson (fæddur 1882)“

Vottorð þetta hefur verið tekið sem staðfest fyrir dómi, en því mótmælt sem röngu og vilhóllu.

Í vottorði því, sem Gissur Jóhannesson hefur eftir Stefáni Stefánssyni í Vík og áður er vitnað til, segir:

„Ljósavatnalækshóll þ.e. hóll sá sem við ábúendur Holts og Herjólfsstaða bendum á að sé mark, gat hann ekki staðfest að væri rétt hjá okkur og gat heldur ekki bent á neinn annan hól á Ljósavötnunum, sem væri mark.“

Baugadeild, Baugadæld. Ekki er ljóst, hvort hér er um eitt og sama örnefni að ræða. Bæði heitin koma fyrir í merkjabréfi Skálmarbæjar frá 1886, Baugadæld í merkjabréfi Hrífuness frá sama tíma og Baugadeildargil í merkjabréfi Holts einnig frá sama tíma.

Upphafleg kröfugerð eigenda Skálmarbæjar var við það miðuð, að Baugadeild hefði myndast, þar sem nú er fyrirhleðsla við Leirá, sbr. framlagða uppdrætti. Fyrirhleðsla þessi gerir það að verkum, að Leirá fellur nú öll í Hólmsá við Leirárfoss. Þar hefur verið gerð brú á Leirá.

Eigendur Skálmarbæjar hafa nú fært kröfulínu sína austur á mótis við þann stað, sem kvísl rann áður úr Hólmsá, en sem nú hefur verið hlaðið fyrir. Eigandi Hrífuness heldur því fram, að Baugadeild eða Baugadæld hafi legið frá Hólmsá, þar sem þessi kvísl var. Kvísl þessi er við svonefnda Hvítanestorfu, sem nefnd er í merkjabréfi Hrífuness og merkt er á uppdráttum og korti dskj. nr. 30. Þar er markað greinilega fyrir þessari kvísl.

Eigendur Skálmarbæjar miða annars kröfulínu sína við Hólmsá, þó þannig, að frá því er vikið við svonefnt Hádegisgljúfur og línan dregin um gljúfrið.

Eigendur Holts og Herjólfsstaða höfðu upphaflega einnig dregið kröfulínu sína að norðan frá Hvítanestorfu, merkt (F) á uppdrætti. Þaðan drógu þeir kröfulínu sína í gil nokkru sunnan og austan við Hádegisgljúfrið, sem áður er nefnt og merkt er í landabréfi, dskj. nr. 30, en menn greinir ekki á um það örnefni. Þetta gil vilja þeir kalla Baugadeildargil og sé það gilið, sem nefnt sé í merkjalýsingu Holts.

Í aðiljaskýrslu sinni hafa ábúendur Holts og Herjólfsstaða þetta að segja um örnefnið Baugadeild:

„Við ábúendur Holts og Herjólfsstaða höfum eingöngu haldið okkur við þær landamerkjalyýsingar sem eru fyrir þessar jarðir frá 1886 og reynt að gera okkur grein fyrir hvar þau kennileiti eru, sem ágreiningur er um og þar eru nefnd, eftir kunnugleika okkar á staðháttum og orðalagi landamerkjabréfanna, ásamt því að bera það saman við það sem okkur eldri menn sögðu.“

Þeir bræður Jón og Jóhann Pálssynir sem komu að Hrífunesi 1891 og áttu þar heima, Jóhann til ársins 1921 og Jón þar til hann dó 1971 sögðu að gljúfur það í Hólminum sem við ábúendur Holts og Herjólfsstaða drögum markalínu okkar í væri Baugadeild. Þetta kemur heim og saman við það sem systir þeirra Þuríður Pálsdóttir sagði, að þegar ferðafólk sunnar úr Álftaveri kom upp með Hólmsbrúnum að austan þá sást fyrst til þess frá gamla bænum í Hrífunesi þegar það kom yfir hraunhornið við endann á þessu gljúfri, þá var sagt að það væri að koma suður í Baugadeild.“

Við aðiljayfirheyrslu fyrir dómi þann 16. ágúst sl. sögðust þeir sammála um, að í dag gæti enginn sagt fyrir um, hvar upptök vatnsfallsins Baugadeildar hefði verið miðað við Hvítanestorfu. Júlíus Jónsson, hreppstjóri í Álftavershreppi, gaf skýrslu fyrir dómi 16. ágúst sl., og er þá bókað: „Að sér hafi verið sagt að Baugadeild eða Baugadeildargil væri þar sem Holts- og Herjólfsstaðamenn segja það vera og hafa heyrt gamalt fólk frá Hrífunesi segja að til ferðafólks sæist þaðan, þegar það væri komið í Baugadeildargil. Hann segir að Álftveringar hafi ætíð talið hreppamörk fylgja Hólmsá en kannast við að í reynd hafi eignarréttur Hrífuness að Holtinu eða Hólnum, sem afmarkast af Hádegisgljúfri, sunnan ár verið viðurkenndur. Hann kveðst hafa heyrt sögusagnir um hvernig Hrífunesbóndi hafi eignast land sunnan Hólmsár. Í fyrsta lagi að Kötluhlaup hafi brotist í gegn þar sem Hólmsá rennur nú, norðan umrædds hól, í öðru lagi að Hrífunesbóndi hafi öðlast rétt til haustbeitar fyrir 60 lömb sunnan ár gegn skógarhöggi eða hristaki Álftveringa í Hrífunesheiði.

Hann kveðst hafa það einkum eftir föður sínum og afa, sem hann hefur sagt hér að framan.“

Ágúst Böðvarsson, fyrrverandi forstöðurmaður Landmælinga ríkisins, gaf þann 12. september sl. svohljóðandi vottorð í málinu:

„Að beiðni Páls S. Pálssonar, hrl., hefi ég farið yfir endurskoðun mína, frá árinu 1951-52, á Íslandskortinu bls. 68 s.a. í mælikvarða 1:50.000, hvað viðvikur hreppamörkum á milli Álftavers- og Skaftártunguhrepps, sunnan við Hrífunes.

Eftir upplýsingum Jóns heitins í Hrífunesi dró ég mörkin um Hólmsá sunnan við Leirárhólma og beina línu úr Leiráfossi í svonefnda Baugdæld, sem hann taldi vera næstu lægð austan við Hádegisgljúfur. (Sjá ljósrit af kortinu, sem fylgir hér með).

Venja okkar var, er slíkar breytingar á hreppamörkum voru framkvæmdar, að þær voru bornar undir ráðamenn beggja hreppa og man ég ekki eftir neinni missætt um þessa markabreytingu.

Ég vil taka það fram, að á ljósmynd tekinni úr lofti, sést greinilega að meginvatnsmagn Hólmsár rennur sunnan við Leirárhólma.“

Vottorð þetta er á dskj. nr. 70 í málinu, og eins og í því segir, fylgir því ljósrit af kortinu. Ágúst hefur komið fyrir dóm og staðfest vottorð þetta. Ágúst sagði þá, að hann gæti ekkert um það fullyrt, að jarðarmörk hefðu farið eftir sömu línu og hreppamörk.

Í vottorði því, sem Gissur Jóhannesson hefur eftir Stefáni Stefánssyni í Vík og áður er á minnst, segir:

„Um Baugadeild í Hrífuneshólmi sagðist hann ekkert vita, en sagðist oft hafa smalað Skálmarbæjarhraun og Hólminn með Vigfúsi Gestssyni, f. 1880 bónda í Skálmarbæ frá 1911-1949 og hefðu þeir þá alltaf smalað austan vegarins í Hólminum norður á hraunhornið norður við Hólmsá austan við Hádegisgljúfrið, því Vigfús hefði sagt sér að vestan vegarins mundu þeir útbæjarmenn smala þ.e. Holts- og Herjólfsstaðamenn, því Skálmarbær ætti ekkert vestan vegarins og Hrífunesið ætti hólinn (holtin) í Hólminum.“

Árni Þ. Jónsson, eigandi Hrífuness og sonur Jóns þess í Hrífunesi, sem áður er vitnað til, hefur á dskj. nr. 35 gert uppdrátt af þeim farvegi, sem hann telur vera Baugadeild. Kröfulína hans er í samræmi við þann uppdrátt, og er hún mörkuð á aðra uppdrætti málsins.

Árni segir í aðiljaskýrslu, dskj. nr. 54:

„Ég undirritaður, Árni Þ. Jónsson, leyfi mér að taka fram eftirfarandi í sambandi við landamerkjámál þetta: Ég er fæddur árið 1916 í Hrífunesi og uppalinn þar og hef búið alla ævi á jörðinni, nema nokkur ár, er ég stundaði nám og starf utan heimilis, árin 1916 til 1961 á heimili foreldra minna, en 1961 tók ég við jörðinni, og er landamerkjálýsing mín frá 1972 algerlega eins og foreldrar mínir sögðu merkin vera, sem og fram kemur í þinglýstu landamerkjabréfi 1886 athugasemdalaust, sem ég hef álitnið öruggt og óhagganlegt.“

Ég hef aldrei vitað nokkurn mann rengja, að svæði þetta, Hrífuneshólmur, væri hluti jarðar minnar, enda hef ég og foreldrar mínir nýtt Hrífuneshólmi á svipaðan hátt og annan hluta jarðarinnar. Áður fyrr var Hrífuneshólmur aðallega nýttur til sauðfjárbætur og stundum heyjum við þar á grösugum blettum og einnig veiddum við í aðdráttarnet austan við Hólmstögl.

Það var svo árið 1956, sem ég hóf grasrækt þá, sem nú getur að líta í Hrífuneshólminum og lagði flugbraut og einnig hef ég verið með kartöflurækt þar árlega. Ég hef einnig tekið byggingarefni úr Hólminum meira og minna á undanförunum 35 árum, því að árið 1944 reisti ég fyrsta húsið, þing- og samkomuhúsið.

Ég vil sérstaklega mótmæla harðlega því, sem segir í aðiljaskýrslu þeirra Holts- og Herjólfsstaðabænda, að haft sé eftir Jóni föður mínum og Jóhanni föðurbróður mínum, að gljúfrið í Hólminum, þar sem þeir draga kröfulínu sína inn í land mitt, sé Baugadeild.“

Ennfremur segir þar:

„Ef loftmynd af Hrífuneshólmi er skoðuð eða horft yfir svæðið frá Hrafnshól, má fá góða yfirsýn yfir Baugadeildarfarveg. Baugadeild er ævafornt nafn, það er á eða vatnsfall, sem rennur í bugðum og deilir þannig lendum eins og segir í þessari gömlu vísu.

Baugadeild með beygjunum  
 beggja deilir lendum  
 Hrífu- og Skálmarbæjunum  
 skráð af ábúendum.“

Kjartan Jónsson, bróðir Árna, f. 18. apríl 1918, hefur komið fyrir dóm. Hann segist hafa heyrt föður sinn segja, að mörkin væru við Baugadeild að sunnan, en aldrei hefði honum verið sagt, hvar Baugadeild væri. Hann var sammála Árna um nýtingu lands sunnan Hólmsár.

Sigurður Ævar Harðarson, f. 2. janúar 1947, sem alinn er upp í Hrífunesi, hefur komið fyrir dóminn og sagst aldrei hafa annað heyrt í Hrífunesi en suðurmörk jarðarinnar væru, þar sem þeir Hrífunesmenn halda fram í málinu. Hann bar einnig um nýtingu landsins sunnan Hólmsár.

Fleiri vitni hafa verið leidd um nýtingu landsins sunna Hólmsár, og einnig hafa verið lögð fram ýmis vottorð þessu lútandi. Öll styðja gögn þessi frásögn Árna bónda í Hrífunesi um nýtingu landsins, og þykir ekki ástæða til að rekja þau frekar. Fæst þessi vottorð og framburðir hafa nokkru frekara við að bæta um stærð þessa lands, þ.e. Hrífunesshólmsins. Þá segir í vottorði Ólafs Friðrikssonar á Selfossi: „Ég undirritaður Ólafur Friðriksson, gæslumaður, fæddur 29.8. 1911, dvaldi í Hrífunesi árið 1917-1925, votta hér með að eftir því sem ég best veit takmarkast Hrífuneshólmur og þar með Baugadeild af þeim örnefnum er nú skal greina:

Að austan þar sem Baugadeild, Hólmsá og Kúðafljót koma saman. Þaðan vestur með Hólmstöglum og Bergvatnslæk og áfram vestur eftir gili og miklum farvegi á móts við Hvítanestorfu.“ Þessi frásögn er í samræmi við frásögn Árna Þ. Jónssonar í Hrífunesi. Vottorð þetta hefur verið tekið sem staðfest fyrir dómi, en því mótmælt sem röngu.

Á uppdrætti (dskj. nr. 67) frá 1794, bls. 484 í Ferðabók Sveins Pálssonar, er Baugadeildar ekki getið. Hins vegar er örnefnisins getið sem að því er virðist framhalds Leirár á uppdrætti í sömu bók, bls. 570-571. Sá uppdráttur er frá sama ári og er stærri og greinilegri.

Á uppdrætti Sæmundar Hólm (dskj. nr. 42) er Baugadeild sýnd sem framhald Leirár.

Á uppdrætti Björns Gunnlaugssonar með leiðréttingum (dskj. nr. 68) Johns Coles er örnefnisins Baugadeildar í engu getið.

Á uppdrætti frá árinu 1782 (dskj. nr. 45) er Baugadeild sýnd sem áfram-

hald Leirár og kvíslar úr Hólmsá. Þorvaldur Thoroddsen, sem fór um Vestur-Skaftafellssýslu 1893, segir í Ferðabók sinni, III., bls. 195:

„Leirá fellur í Hólmsá nokuð austur af Rjúpnafelli, rétt nálægt því er Hrutá kemur norðan í hana; litlu áður rennur þó kvísl úr Hólmsá í Leirá. Áður hafði Leirá sérstakan farveg og rann fyrir sunnan Hrífuneshólm í Kúðafljót. Tvær smákvíslar (Keldnatónakvíslar) renna enn úr Leirá sérstakar suður í Kúðafljót. Fyrir seinustu aldamót rann Hólmsá um annan farveg, suðvestur Hrífuneshólminn, og hét sá farvegur Baugadeild. Enn sjást árgljúfur í hrauninu á Hrífuneshólmi og breiður grasi vaxinn farvegur niður af. Þar sem Hólmsá krækir austur fyrir ysta heiðarendann, er í henni foss er heitir Hrossafoss, og er hellir við fossinn, sem hafður er fyrir fjárskýli.“

#### *Málsástæður.*

Aðiljar allir telja sig byggja kröfulínur sínar á merkjabréfum frá 1886. Merkjabréf þessi eru öll reifuð hér að framan.

Af hálfu eigenda Skálmarbæjar er sérstaklega til þess vitnað, að eigendur Holts og Herjólfsstaða hafi ekki undirritað landamerkjaskrá Hrífuness og Hrífunesseigandi ekki undirritað landamerkjaskrá Holts. Einnig er vitnað til framburðar Árna bónda í Hrífunesi um, að hann hafi aldrei talið lönd sín og Holts og Herjólfsstaðamanna koma saman að sunnan. Síðan vitna sóknaraðiljar til þessara sömu atriða og fram koma í aðiljaskýrslu þeirra, dskj. nr. 56, varðandi markalínu Skálmarbæjar og Holts og Herjólfsstaða. Þeirra atriða hefur verið getið hér að framan.

*Norðurmörk Skálmarbæjarlands*, segir í grg. þeirra: „Þar er Hólmsá trygg og örugg markalína lengstan hluta leiðarinnar. Áin fellur í gljúfrum og væri algjör hótmyndni og bábilja að halda því fram að þessi gljúfur hafi myndast við breytt rennsli árinna eftir að mannbyggð hófst á Íslandi. Í landamerkjabréfi Hrísness ræður Eldvatnið að austan að Hólmsármynni. En þaðan ræður Hólmsá til vesturs. Sama er upp á teningnum í landamerkjaskrá Skálmarbæjar. Hólmsá ræður austur í Flögulón og getur engin deila um það verið að það er hið sama og nefnt er Hólmsármynni í Hrífunesbréfinu.

Á norðurlínunni til vesturs, það er frá landamerkjum milli Hrísness að norðan og Skálmarbæjar að sunnan tekur síðan við lína norður þangað sem Baugadæld myndast. Baugadæld er fyrirbæri sem er með öllu horfið. Það kemur þó ekki að sök, því línan hefur legið vestur á bóginn uns hornmarki var náð, sem hvað Skálmarbæ snertir sker einmitt þá línu, sem örnefningin merkt 1-5 segja til um á dskj. nr. 16.“ (loftljósmynd, upphafleg kröfulína).

Við munnlegan flutning málsins þann 2. febrúar sl. hélt lögmaður

eigenda Skálmarbæjar því fram, að kröfulína hans væri byggð á dskj. nr. 14, merkjabréfi, sem Jón Sverrisson í Holti ritar einn undir og er frá 1916, og dskj. nr. 52 og vottorði Gísla Tómassonar, en gögn þessi hafa bæði verið rakin hér að framan. Upplýsti lögmaðurinn, að dskj. nr. 14 væri ljósrit merkjalýsingar, sem hafi gengið frá Jóni Sverrissyni til næsta ábúanda á eftir honum. Upplýst er, að skjal þetta fékk Páll Bárðarson í Holti hjá nábúa sínum á Jórvíkurhryggjum, næsta bæ sunnan og austan Holts. Hann hafði fundið skjalið í fórum föður síns, sem bjó á Jórvíkurhryggjum, þegar Jón var í Holti. Holt var þá tvíbýli, og bjó faðir Páls Bárðarsonar á móti Jóni.

Þá var af hálfu sóknaraðilja lagt fram Íslandskort með hreppaskiptingunni og því haldið fram, að hreppamörk og landamörk ættu ætíð að fara saman. Því var haldið fram, að hrepparnir viðurkenndu ekki hreppamörk, sem dregin eru af Ágústi Böðvarssyni, dskj. nr. 70, og í því sambandi vitnað til framburðar Júlíusar Jónssonar, hreppstjóra í Álftavershreppi, sem áður er rakinn.

Þá mótmælti lögmaður sóknaraðilja sérstaklega vottorði Hannesar Hjartarsonar, dskj. nr. 33, og aðiljaskýrslu Holts- og Herjólfsmanna, dskj. nr. 34, og taldi skjölin röng efnislega.

Af hálfu eigenda Holts og Herjólfstaða er, svo sem áður er sagt, byggt á landamerkjabréfi Holts frá 1886. Í merkjabréfinu sé hornmark sett í Baugadeildargil. Sjáist af því, að Baugadeild sé gil. Vitnað er til þess, að gamalt fólk muni eftir gljúfrunum, sem þeir hafa bent á sem merkjapunkt, sem Baugadeild. Í því sambandi benda þeir á frásagnir í aðiljaskýrslu, dskj. nr. 34, sem rakin er hér að framan, frásögn Júlíusar Jónssonar hreppstjóra, vottorð Ágústs Böðvarssonar. Halda þeir því fram, að merkjalýsingu Skálmarbæjar frá sama tíma verði að skýra með hliðsjón af þessu og myndist Baugadeild við annanhvorn enda gljúfranna. Þeir hafa nú miðað kröfulínu sína við vestari enda gljúfranna. Um þá málsástæðu Skálmarbæjarmanna, að lönd Hrífunes og Holts og Herjólfstaða liggi hvergi saman, segir í greinargerð varnaraðilja:

„En það er vitaskuld óleyfilegt, að draga slíkar ályktanir þótt undirskriftir þessar hafi farist fyrir. Þar gat margt komið til greina, enda alkunnugt og algengt, að frágangi landamerkjalyýsinga sé áfátt að þessu leyti.“

Um kennileitið Ljósuvatnalækshól segir í greinargerð varnaraðilja, að hann risi stakur upp úr flatneskjunni og sjáist langt að. Efst á honum sé greinileg upphlaðin varða. Vafalaust sé, að hér sé um landamerkjapunkt að ræða. Vitnað er til vottorðs Hannesar Hjartarsonar á dskj nr. 33 og framburðar Páls Bárðarsonar fyrir dómi. Þeir eru báðir aðiljar. Þá er því haldið fram, að á hinn bóginn sé ekki ljóst, við hvaða stað eða kennileiti sóknaraðiljar miða í lýsingu sinni á þessu kennileiti.

Rökstuðningur meðalgönguaðilja kemur fram í greinargerð lögmanns hans. Þar segir m.a.:

„*Rökstuðningur aðalkröfu*: Þau gögn um landamerkin, sem mikilvægust hljóta að teljast í máli þessu, eru landamerkjaskrárnar frá 1886 og merkjaskráin á dskj. nr. 43. Við samlestur skráanna virðast þær „harmonera“ miðað við kröfugerð umbjóðanda míns með hliðsjón af korti Sæm. Hólm á dskj. nr. 42 frá 1870, svo og með hliðsjón af uppdrætti Þorv. Thor 1894 í ritinu *Geschichte der Islandische Vulkane* bls. 15 á dskj. nr. 45. Öruggasti punkturinn er Hvítanestorfa, en þar eru vesturmörk Hrífuneshólms, öðru nafni Hrísneshólms. Til glöggvunar á stærð Hrífuneshólms á þessum tíma má geta fjalls.reglug. á dskj. nr. 5 frá 1976.“ Að framan hefur verið tekið upp úr reglugerð þessari.

Síðan segir: „Varðandi stærð Hrífuneshólms má jafnframt geta dskj. nr. 23. Skýrslur um Kötlugos, það er gosið 1756 bls. 241 efst „ . . . sópaðist burt úr Hrífuneshólma, sem liggur milli Hólmsár og Baugadeildar hálfanna hundrað lamba, sem Tungumenn og ýmsir áttu í Hólminum. Allar götur síðan hfa Hrífunesmenn farið með þetta land sem sitt eigið, þ.e.a.s. átt þar beinan eignarrétt, t.d. með því að *beita það* (jarðir þarna um slóðir eru sauðjarðir), *rækta það*, *leggja þar flugbraut*, sem merkt hefur verið og telst vera Hrífunesflugvöllur á kortum Flugmálastjórnar og framkvæma þar steypuefnistöku, svo og kartöflurækt og rófnu, þó að eigi hafi það verið girt, nema svæðið kringum ræktunina og flubrautina án þess að það hafi nokkru sinni sætt nokkrum aðfinnslum, né nágrannar nokkru sinni mótmælt né rengt rétt Hrífuness til þessa lands fyrr en með greinargerð stefnanda á dskj. nr. 27, sem stangast algerlega á við fyrri kröfugerð stefnenda á dskj. nr. 8, þar sem þeir lýsa mörkum Skálmarbæjarlands.“

„*Rökstuðningur varakröfu*: Svo sem í rökstuðningi aðalkröfu er Hvítanestorfa óumþrættur punktur, og markalínuna á sjálfri torfunni telur umbjóðandi minn eðlilegast að draga mitt á milli varðanna, sem þar eru. Að öðru leyti gengur varakrafan aðeins út frá því sem möguleika, að dómurinn telji Baugadeild hafa fallið norðar en umbjóðandi minn telur.“

„*Rökstuðningur þrautavarakröfu*: Fari svo ólíklega, að dómurinn telji Hrífunes ekki *eiga* það svæði, sem gerð er krafa um í aðal- og varakröfu skv. þeim skjölum, er fram hafa verið lögð, svo og þeim, er síðar verða lögð fram, svo og skv. notkun umbjóðanda míns á því, sbr. t.d. fjallskilareglugerð á dskj. nr. 5, er sett fram sú þrautavarakrafa, að honum sé dæmdur beinn eignarréttur að ræktaða svæðinu, þ.e. flugbrautinni og svæðinu þar í kring allt norður að Hólmsá, en svæði þetta hóf umbjóðandi minn að rækta árið 1956 og hefur flest árin sótt þangað um 150-200 hestburði af heyi og haft þar önnur umsvif s.s. kartöflur og rófnarækt; steypuefni hefur verið tekið enn lengur á svæðinu og ræktaða svæðið girt. Umsvif

umbjóðanda míns hafa aldrei sætt neinum aðfinnslum né athugasemdum á nokkurn hátt.

Hvernig sem á málið kann að verða litið hefur umbjóðandi minn að minnsta kosti unnið beinan eignarrétt að þessu ræktaða svæði skv. hefðarl. 46/1905 2. gr. með notkun sinni á svæðinu.“

Dómarar hafa ásamt aðiljum farið á vettvang og skoðað staðhætti alla.

Þann 14. september 1978 fór þáverandi formaður dómsins, Magnús Thoroddsen, ásamt meðdómendum á vettvang. Magnús hvarf frá málinu vegna starfa erlendis, og tók þá Hrafn Bragason við formennsku í dóm-inum. Dómurinn fór síðan á ný á vettvang þann 16. ágúst sl. Loft var þá skýjað, skúrir framan af degi, en síðari hluta dags var skyggni gott. Vettvangsganga var hafin á Fjalhöfða, og bentu aðiljar hvor fyrir sig á, hvar þeir telja Grænhæðarmark vera.

Síðan var farið að Ljósuvötnum, skoðaðar rústir þar og hólarnir, sem eigendur Skálmarbæjar annars vegar og eigendur Holts og Herjólfsstaða hins vegar telja Ljósuvatnalækshól. Frá Ljósuvötnum var ekinn þjóðvegurinn norður í Hrífunes. Þar var sérstaklega farið á Hrafnshól í Hrífunesheiði, en þaðan sést vítt til suðurs og suðvesturs til Álftavers. Síðan var farið í Hvítanestorfu, sem er þekkt örnefni inn með Hólmsá að sunnan. Síðan var ekinn farvegur sá, sem Hrífuneseigandi telur vera Baugadeild. Næst var skoðað gil það, sem eigendur Holts- og Herjólfsstaða telja Baugadeildargil. Loks var Hádegisgljúfur skoðað, en eftir því draga Skálmarbæjarðeigendur kröfulínu sína. Hádegisgljúfur er þekkt örnefni.

Erfitt er að átta sig á því, hvar einstakir farvegir hafa legið, þar sem landið sunnan Hólmsár er flatt og vatnssvorfið. Þarna hafa farvegirnir breyst bæði af mannavöldum og nátturunnar. Árið 1918 fór t.d. Kötluhlaup yfir þetta landsvæði, og farvegi Leirá r hefur verið breytt með mikilli fyrirhleðslu á söndunum sunnan Hvítanestorfu. Áður hefur áin kvíslast um sandana og a.m.k. einhvern tíma runnið að hluta til um farveg þann, sem eigandi Hrífuness segir fornan Baugadeildarfarveg. Nú fellur Leirá í einum farvegi í Hólmsá, en sá farvegur er litið niðurgrafinn, fyrr en áin fellur í fossi niður í gljúfur og eftir þeim skamman veg út í Hólmsá. Hólmsá fellur í gljúfrum frá því skömmu eftir að kvísl fellur áður úr henni, sem mörkuð er á kort, og þar til hún breiðir úr sér neðan Hrífuness og kvíslast um víða aura austur í Flöglón. Farvegur árinna hefur þarna verið breyt-ingum undirorpinn.

Dómurinn fór enn á vettvang 24. maí sl. og gerði frekari athuganir á staðháttum.

#### *Álit dómsins.*

Kröfur aðilja í máli þessu eru byggðar á landamerkjabréfum jarðanna

Skálmarbæjar, Holts, Herjólfsstaða og Hrífuness, sem öll eru þinglesin að Undirhrauni 21. júní 1886. Í bréfum þessum eru merkjalýsingar að hluta til byggðar á örnefnunum Baugadeild eða Baugadæld, Baugadeildargili, Ljósuvatnalækshóli og Grænhæðarmarki eða Grænhóli. Eins og áður er frá greint, deila aðilja um, hvar þessi örnefni er að finna. Eigendur Skálmarbæjar og eigendur og ábúendur Holts og Herjólfsstaða deila um örnefni Grænhæðarmark eða Grænhól og Ljósuvatnalækshól. Þessir aðiljar deila síðan við eigendur Hrífuness um, hvar Baugadeild, Baugadæld eða Baugadeildargil sé eða hafi verið.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið, svo óyggjandi sé, hvar örnefni þessi er að finna, og verður að byggja dóm á því, sem helst er stoð fyrir í gögnum málsins og sem eðlilegt má teljst eftir staðháttum.

*Umdeild merki Hrífuness.*

Í landamerkjabréfi Hrífuness eru merki látin ráðast af Hvítanesstorfu, Leirá og Baugadæld. Í landamerkjabréfi Skálmarbæjar eru tekið mið af Baugdæld með orðavalinu „svo bein lína norður þangað, sem Baugadeild myndast, úr Baugadæld austur í Hólmsá.“ Ágreiningslaust er, við hvaða stað örnefnið Hvítanesstorfa á. Ósannað er, að meginfarvegur Leirár hafi legið annars staðar 1886 en nú. Er sú niðurstaða studd af fyrrgreindri ferðalýsingu í Ferðabók Þorvalds Thoroddsen. Samkvæmt því ber að leggja til grundvallar, að Leirá ráði suðurmerkjum Hrífuness á kafla. Á hinn bóginn hefur ekki komið fram lögfull sönnun um, hvar Baugadeild eða Baugadæld liggja. Verður þannig ekki fallist á, að af hálfu eiganda Hrífuness hafi komi fram fullnægjandi rök fyrir því, að Baugadeild (Baugadæld) sé sunnan við svonefndar Hólmsbrýr. Orðalag landamerkjabréfa í málinu gefa fremur vísbendingu um, að Baugadeild sé norðar. Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, og eftir öllum staðháttum, þykir eðlilegt að ákveða merki Hrífuness á deilusvæðinu með þeim hætti sem sýnt er á meðfylgjandi uppdrætti, þ.e. úr Hvítanestorfu beina línu í farveg sunnan nýræktar tilheyrandi Hrífunesi, síðan eftir þeim farvegi og loks ur honum beina stefnu á Hólmsármynni.

*Umdeild landamerki Skálmarbæjar gagnvart Holti og Herjólfsstöðum.*

Aðiljar eru sammála um merki að svokölluðum Einiberjahóli eða Marknefi. Úr því greinir aðilja á um landamerki til norðurs, enda deila þeir um, við hvaða staði þau örnefni eigi, sem tilgreind eru í landamerkjabréfum. Slíkur ágreiningur er um örnefni „Grænhæðarmark“ eða „Grænhól“ og „Ljósuvatnalækshól“. Samkvæmt vitnisburðum, gögnum málsins og staðháttum þykir sennilegra, að sá staður, sem nefndur er Grænhæðarmark í merkjabréfum, sé sá hóll, sem eigendur Skálmarbæjar miða við. Engin örugg vísbending er um, hvar örnefnið Ljósuvatnalækshól sé að finna.

Hornmark í norðri er í landamerkjabréfi Holts sagt vera í Baugadeildar-

gili, en í bréfi Skálmarbæjar eru merki talin vera „lína norður þangað, sem Baugadeild myndast“. Engin örugg sönnun liggur heldur fyrir að þessu leyti. Helsta vísbending um, að merkjalína þessi liggji til mun vestar en haldið er fram af hálfu eigenda Holts- og Herjólfsstaða er sú, að í Holtsbréfinu er tekið fram, að Holt og Herjólfsstaðir eigi sambeitarland norður af Leirá, og að ekki verður séð, að ábúendur síðastgreindra jarða hafi á sínum tíma undirritað landamerkjabréf fyrir Hrífunes. Hvort tveggja bendir til þess, að þessar jarðir hafi a.m.k. ekki legið saman á löngu svæði.

Samkvæmt því, sem að framan hefur verið rakið, og að öðru leyti með hliðsjón af því, sem eðlilegt má telja eftir staðháttum, ákveðst, að umrædd merki skuli dregin úr Einiberjahól í Grænhæðarmark við Fjalahöfða og síðan beina sjónhendingu í Hrafnhól, uns lína þessi sker landamerkjalinu Hrífuness, eins og nánar er sýnt á meðfylgjandi uppdrætti.

Ekki er í máli þessu ágreiningur um, að merki skipti eignarlöndum.

Rétt þykir með hliðsjón af málavöxtum öllum og kröfugerð aðilja, bæði upphaflegri og endanlegri, að hver aðilja beri sinn kostnað af máli þessu.

Hrafn Bragason, settur dómari, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Guðmundi Jónssyni borgardómara og Gauki Jörundssyni prófessor.

#### D ó m s o r ð:

Merki jarðarinnar Hrífuness að sunnan gagnvart jörðunum Skálmarbæ, Holti og Herjólfsstöðum skulu dregin, sbr. meðfylgjandi uppdrátt, úr Hvítanestorfu, punkti P, í farveg sunnan ræktunar Árna Þ. Jónssonar í Hrífunesi, punkt R, síðan eftir þeim farvegi og loks úr honum beina stefnu á punktinn K í Hólmsármynni.

Merki jarðanna Skálmarbæjar og Holts og Herjólfsstaða ráðast, sbr. meðfylgjandi uppdrátt, fyrst af Holtslæk, punkti A, frá honum í Markholt, punkt B, svo í Einiberjahól (Marknef), punt C, þá í Grænhæðarmark austanvert við Fjalahöfða, punkt D, og síðan af beinni línu í stefnu á Hrafnshól, þar til hún sker markalínu Hrífuness að sunnan, punkti Q.

Hver aðilja skal bera sinn kostnað af máli þessu.